

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

*Suðurgata 92, 94 og 96.*

Bæjarstjórn Akraness samþykkti 8. mars 2022 breytingu á deiliskipulagi Sementsreits. Í breytingunni felst að hækka mænishæð húsa við Suðurgötu 92, 94 og 96 um 0,40 cm. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Flóahverfi.*

Bæjarstjórn Akraness samþykkti 22. mars 2022 breytingu á deiliskipulagi Flóahverfis. Breytingin felst m.a. í stækkun hverfisins, lóðum er fjölgað og stærðum breytt. Skipulagsskilmálum er breytt til þróunar grænna iðngarða. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Akranesi, 29. apríl 2022.*

**Sigurður Páll Harðarson,**  
sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

---

B-deild – Útgáfudagur: 2. maí 2022